



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

LAND2EL05

(Almenn landafræði, eðlisræn landafræði)

Kennari/kennarar:	Sölvi Snær Jökulsson (SSJ) solvis@fsu.is
-------------------	--

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla sjálfstæði og vönduð vinnubrögð nemenda við lausn margvíslegra landfræðilegra verkefna. Sérstök áhersla er lögð á kortagerð, framsetningu upplýsinga á kortum og túlkun korta. Nemendur vinna með innlenda og erlenda kortagrunna. Meginefni áfangans fjallar um myndun og mótun lands af völdum innri og ytri afla, um veður og veðurfar, höf og hafstrauma og loftslag, gróður og gróðurfar ásamt þeim beinu og óbeinu áhrifum sem maðurinn hefur á umhverfi og vistkerfi. Áfanginn er verkefnatengdur þar sem nemendur leysa margvísleg verkefni í tengslum við umfjöllunarefni áfangans.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Helstu hugtökum í náttúrulegafræði.
- Helstu kortagrunnum á alnetinu, bæði íslenskum og alþjóðlegum.
- Helstu öflum sem vinna að myndun og mótun lands.
- Helstu áhrifavöldum á umhverfi í breiðum skilningi.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Nýta sér kort og kortagrunna til afla sér upplýsinga um margvísleg náttúrufarsleg fyrirbrigði.
- Leita sér upplýsinga um náttúrufar og náttúrufarsleg fyrirbrigði á alnetinu.
- Greina náttúrufarsleg fyrirbrigði sem hann sér í umhverfi sínu.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Draga ályktanir af þeim náttúrufarslegu fyrirbrigðum sem hann sér í umhverfi sínu.
- Tengja saman ólíka umhverfispætti til að geta mótað heildarmynd.
- Spá fyrir um þróun náttúrulegra fyrirbrigða til skamms tíma.
- Vinna í samvinnu við meðnemendur að gagnaleit og túlkun gagna.
- Geta rökrætt mögulegar túlkanir niðurstaðna.
- Geta fært rök fyrir niðurstöðum og ályktunum á þann hátt að áheyandi/lesandi með góðan almennan skilning á efni en án þess að hafa sérstaka innsýn í viðkomandi atriði geti á sett sig inn í efnið og dregið eigin ályktanir.

Námsefni:

Landafræði, maðurinn auðlindirnar umhverfið: Kaflar 1 – 2 og 4 – 6. Kaflar 5, 6 og 12. Sumir kaflar eru teknir að hluta til. Annað efni af netinu eftir ábendingu kennara. Vísanir til annars efnis verða settar á Innu.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	6- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar. Námsáætlun áfangans kynnt ALMENN LANDAFRÆÐI-LOTA 1 • Almenn landafræði • Kort og kortagerð • Fjarkönnunn • Jörðin reikistjarnan okkar Kafla 1 og 2 í kennslubók. bls 8-39	• Staðfræði 1 • Staðfræði 2 • Staðfræði 3 • Ýmsar spurningar • Kortalestur • Lofthmyndir • Landupplýsingavefur Árborgar • Landupplýsingavefur Árborgar 2 • Stutt svör <u>Lotupróf 1</u>
5 - 8	2-27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar. ÖFL- LOTA 2 • Innri gerð jarðar og landrek • Eldvirkni og innri öfl • Veðrun og rof • Jöklar	• Innri bygging jarðar • Flekar • Valverkefni-innri gerð jarðar og landrek • Jarðskjálftar • Veðrun og rof • Ár og vötn • Jarðvegur - vefsíðuverkefni • Jarðvegur • Jarðskjálftinn og flóðbylgjan í Japan

		• Hringrás næringarefna og jarðvegur Kaflí 4 í kennslubókinni. bls. 69-81 og 97-117 Horfum á 2 heimildamyndir, eina stutta og eina aðeins lengri	• Veðrun og rof í mínu umhverfi • <i>Jöklar verkefni</i> • <i>Eldstöðvar</i> <u>Lotupróf 2</u>
9 - 12	1-27. mars.	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars. VATN- LOTA 3 - Vatnið – lífsnauðsynleg auðlind - Nytjavatn og vatnsorka á Íslandi - Höf og hafstraumar - Nýting hafsins Kaflí 5 og 12 í kennslubókinni. bls. 124-133, 139-153, 352-359. Horfum á heimildarmynd um mengun í hafi	- Höf og straumar - Sjávarföll - Hringrás vatns-sköpun - Heimildamynd- plastic ocean - <i>Virkjanir</i> - <i>Nærumhverfið og hafið-vandamál</i> - <u>Lotupróf 3</u>
13 - 16	7.- 30. apríl	VEÐUR OG GRÓÐURFAR-LOTA 4 • Fellibylir og lofthjúpur jarðar • Vindakerfi jarðar • Loftslag • Gróðurfar Kaflí 6 í kennslubókinni. bls. 160-195.	• Fellibylur • Lofthjúpur jarðar, hæðir og lægðir • Valverkefni-fellibylir og lofthjúpur jarðar • Veðurspá með windy.com • Vindakerfi jarðar • Loftslagsrit • Loftslagsmál

			• <i>Veðurverkefni</i> • <i>Gróðurfarskort</i> • <u><i>Lotupróf 4</i></u>
17 - 19	4.- 24. maí	Dimissjón 8. Maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Skráp

Sérreglur áfangans:

Skili nemandi ekki verkefni reiknast einkuninn 0 fyrir verkefnið inn í lokaeinkunn

Ef nemandi þarf að fara úr tíma og er fjarverandi lengur en í 10 mínútur þá er það skráð sem fjarvist (F) fyrir tímann. Nemendur 20 ára og eldri (fæddir 2006 eða fyrr) skulu í upphafi annar gera samning við kennara varðandi mætingu og verkefnaskil. Standi nemandi ekki við samninginn á hann á hættu að verða vikið úr áfanganum.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Áfanginn er lotubundinn símatsáfangi þar sem öll vinna nemanda reiknast til einkunnar samkvæmt nánar tilgreindu vægi (sjá fyrir neðan). Reynt verður að fara jafn harðan yfir þau verkefni þar sem fyrirgjöf er ekki að fullu sjálfvirk þannig að nemendur sjái ávallt hve langt á veg þeir eru komnir á hverjum tíma. Í hverri námslotu verða nokkur gagnvirk verkefni, eitt til tvö stærri verkefni og svo lýkur hverri námslotu með lotuprófi. Prófin eru skrifleg og tekin í tíma og það má hafa eitt A4 blað með glósum með í prófið. Ljúka þarf öllum verkefnum og lotuprófum á tilskildum tíma og ná einkunn fyrir hvert og eitt. Við miðannarmat og í síðustu kennsluviku verður gefinn kostur á að vinna verkefni og taka próf úr fyrri lotum sem einhverra hluta vegna kunna að vera óunnin. Einkunn fyrir óunnin verkefni er einkuninn 0, sem reiknast þá inn í lokaeinkunn.

Í áætlun hér fyrir ofan eru stærri verkefni skáletruð, minni verkefni feitiletruð og tímaverkefni ekki með sérstakt letur. Tekið er meðaltal af stærri og minni verkefnum en tímaverkefni reiknast hvort þau hafi verið unnin eða ekki. Nemendur fá samt einkunn fyrir tímaverkefni, ef nemandi fær ítrekað lága einkunn fyrir tímaverkefni reiknast það eins og nemandi hafi ekki sett metnað í verkefnið og fær þar af leiðandi lélega einkunn fyrir tímaverkefni þó svo að hann hafi unnið þau öll.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
<i>Stærri verkefni</i>	Nemendur vinna nokkur stærri verkefni yfir önnina.	40%
Minni verkefni	Nemendur vinna nokkur minni verkefni yfir önnina.	20%
Tímaverkefni og virkni og ástundun	Nemendur skila tímaverkefnum í tíma. Metin er einnig virkni og ástundun ásamt mætingu.	15%
Lotupróf	Fjögur skrifleg próf yfir önnina. (má vera með eitt A4 glósublað)	25%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss 5. janúar. 2026. Sölvi Snær Jökulsson